

Landsvirkjun
Guðlaugur Þórarinnsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

2001010071
8612; 8709; 9310

Reykjavík, 27. september 2001
/ÞFP

Efni: Núpsvirkjun í Þjórsá. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um Núpsvirkjun í Þjórsá.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 24. ágúst 2001 tillaga Landsvirkjunar að matsáætlun:

Landsvirkjun. Núpsvirkjun allt að 150 MW. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Almenna verkfræðistofan hf., VBB VIAK. Ágúst 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Gnúpverjahreppi, Holta- og Landsveit, Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnun, Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðinni, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafni Íslands.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Gnúpverjahreppi með bréfi dags. 6. september 2001, Holta- og Landsveit með bréfi dags. 11. september 2001, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 17. september 2001, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 13. september 2001, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 14. september 2001, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 5. september 2001, Orkustofnun með bréfi dags. 29. ágúst 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 11. september 2001, Vegagerðinni með tölvupósti dags. 12. september

2001, veiðimálastjóra með bréfum dags. 10. og 19. september 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 18. september 2001. Athugasemdir bárust frá Kolbrúnu Halldórsdóttur, dags. 7. september 2001 og Valdimari Bragasyni og Hafdísi Marvinsdóttur með tölvupósti dags. 5. sept. 2001.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 20. september 2001.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Markmiðssetning

Gerð var athugasemd við að í lýsingu framkvæmdaraðila á markmiðum framkvæmdarinnar komi ekki fram upplýsingar um mögulegan kaupanda raforkunnar.

Samkvæmt tillögu að matsáætlun er markmið framkvæmda að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina á hverjum tíma. Að mati Skipulagsstofnunar eru ekki rök fyrir því, eða lagaheimild, að krefjast þess að gerð verði grein fyrir væntanlegum orkukaupanda.

2. Tímaáætlanir

Skipulagsstofnun gerir athugasemd við hve matsáætlun berst seint miðað við að samkvæmt tímaáætlun er gert ráð fyrir að rannsóknnum verði lokið eigi síðar en í lok september 2001. Landsvirkjun er bent á að hafa samráð við t.d. Landgræðslu ríkisins og Náttúruvernd ríkisins vegna athugasemda þessara aðila þar um, kynna athuganir sem fram hafa farið og ganga strax úr skugga um að þær séu ásættanlegar. Mikilvægt er að framhald matsvinnunnar byggji á niðurstöðum slíks samráðs svo ekki þurfi að koma upp ágreiningur á síðari stigum um slíka þætti.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að á 5. mynd á bls. 11 og á 15. mynd á bls. 37 í tillögu að matsáætlun er ekki gert ráð fyrir möguleika á kæru á úrskurði Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í matsskýrslu komi kærufrestur fram á skýringamyndum.

3. Aðrir kostir

Gerð var athugasemd við að ekki sé ljóst hver þeirra kosta sem eru kynntir verði valinn.

Samkvæmt reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skal í tillögu að matsáætlun gera grein fyrir þeim framkvæmdakostum sem til greina koma og er það gert í fyrirliggjandi tillögu. Skipulagsstofnun getur fallist á að á þessu

stigi sé framkvæmdaraðili ekki í stakk búinn til að velja einn þeirra.

4. Áhrif á landnotkun

Náttúruvernd ríkisins bendir á að áhrifasvæði Núpsvirkjunar snerti svæði nr. 729 á Náttúruminjaskrá og að í matsskýrslu verði fjallað um áhrif virkjunarinnar á svæðið. Einnig þarf að koma fram hvort framkvæmdirnar hafi áhrif á landslagsgerðir sem njóta skulu verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

5. Breyting á árfarvegi, áhrif á vatnalíf

Áhrif breytinga á farvegi á fiskgengd verði metin samkvæmt kröfum veiðimálastjór það er samantekt á eftirfarandi:

- Veiði í Þjórsá eins og skýrslur ná til
- Kortlögð uppeldissvæði fyrir laxfiska í Þjórsá
- Verðmæti veiðihlunninda
- Líkleg áhrif mismunandi hverfla á niðurgöngufisk
- Líkleg áhrif á laxfiska í göngu upp ána
- Mögulegar göngur laxfiska framhjá virkjun (upp og niður)
- Áhrif virkjunar á uppeldissvæði í ánni
- Bestu mótvægisáðgerðir

Lögð er áhersla á samráð við veiðimálastjóra um þetta.

6. Námur og haugar

Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir efnisþörf vegna allra þátta framkvæmdarinnar, hugsanlegum efnistökuþöfum og áhrifum framkvæmda á þá. Í skýrslunni ber að sýna á korti staðsetningu náma og fjalla um efnistöku í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Á sama hátt verði í matsskýrslu fjallað á nákvæman hátt um það efni sem fellur til vegna framkvæmdanna og sýnd á korti staðsetning haugsvæða. Litið er svo á að rannsóknir vegna efnistöku verði innan þess áhrifasvæðis sem kynnt er og haugsvæði verði þar einnig.

Í umsögn er bent á að kannaðir verði möguleikar til að nýta efni úr jarðgöngum sem ekki verður notað í mannvirki virkjunarinnar eða t.d. í vegagerð sem henni fylgir. Þetta ber að kanna og þá jafnframt meta áhrif haugsetningar efnisins á umhverfið.

7. Tengdar framkvæmdir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir tengingu orkuvers við Búrfellslínu 1, með loftlínu eða jarðstreng og metin umhverfisáhrif þess.

Skipulagstofnun tekur fram að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir og metin umhverfisáhrif af breytingu sem kann að þurfa að gera á legu Búrfellslínu 1 vegna virkjunarinnar, lagningu nýrra vega vegna aðkomu að virkjuninni, lagningu vega er verða notaðir á framkvæmdatíma og hugsanlegri breytingu á vegi 32, Þjórsárdalsvegi. Umfjöllunin verði sambærileg og um virkjunina sjálfa.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins er bent á að meta ætti sameiginlega umhverfisáhrif Urriðafossvirkjunar og Núpsvirkjunar og undir það er tekið af veiðimálastjóra. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er umhverfisráðherra heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, að

ákveða að umhverfisáhrif framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á sama svæði verði metin sameiginlega. Skipulagsstofnun telur að þó bæði Núpsvirkjun og Urriðafossvirkjun séu í Þjórsá þá séu þær sjálfstæðar framkvæmdir. Skipulagsstofnun leggur hins vegar áherslu á að matsskýrslur verði lagðar fram samtímis. Einnig verði greint frá því í matsskýrslu hver staða Núpsvirkjunar er gagnvart Rammaáætlun um nýtingu vantsafls og jarðvarma.

8. Vinnubúðir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að staðsetning vinnubúða hafi ekki verið ákveðin en í matsskýrslu þarf að koma fram hvar gert er ráð fyrir að þær verði.

Annað

Lagt er til að heiti framkvæmdarinnar verði Núpsvirkjun í Þjórsá allt 150 MW.

Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum og vöktun þar sem hún á við.

Bent skal á að í tillögu að matsáætlun er ekki gerð sérstök grein fyrir afstöðu þeirra sem þegar hafa tjáð sig um framkvæmdina eða hafa gert athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun og hvort og þá hvernig tekið er tillit til þeirra sbr. 4. lið 13. gr. reglugerðar nr. 671/2001.

Áætlun um kynningu, álitsumleitan og samráð við vinnslu matsskýrslu vantar og óskast hún kynnt Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum um tillögu að matsáætlun sem fyrst.

Stefán Thors

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit :

Gnúpverjahreppur, Holta- og Landsveit, Ferðamálaráð Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Orkustofnun, Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðin, veiðimálastjóri, Þjóðminjasafn Íslands, Kolbrún Halldórsdóttir og Valdimar Bragason og Hafdís Marvinsdóttir.